

Alþingi
Erindi nr. P 130/2253
komudagur 30.4.2004



Nefndarsvið Alþingis,
b.t. landbúnaðarnefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

TILVITNUN YÐAR

BRÉF YÐAR

TILVITNUN VOR

TÞH

00-21

DAGSETNING


30.04.04

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði.

Rafmagnsveitum ríkisins hefur borist í hendur frumvarp til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Tilgangur frumvarpsins virðist vera sá að auka enn við og styrkja í sessi skattheimtu á vatnsaflsvirkjanir vegna málaflokks sem er óskyldur starfsemi orkukfyrirtækjanna. Rafmagnsveitur ríkisins eru algerlega andvígur þessari skattheimtu og telja fullkomlega óeðlilegt að raforkunotendur séu skattlagðir sérstaklega til að fjármagna sjóð til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Er rétt að minna á í þessu samhengi að þeir sem búa við rafhitun húsnæðis síns eru mun stærri skattgreiðendur í þessu tilliti en þeir sem eiga viðskipti við hitaveitur. Er engin leið að sjá hvernig slík mismunun er réttlætt.

Rafmagnsveiturnar mælast því til þess að í stað þess að festa í sessi þessa skattlagningu á raforkukaupendur þá verði c-liður 1. gr. frumvarpsins felldur út og núverandi d og f liðir 98. gr. laga um lax- og silungsveiði verði felldir út úr lögnum.

Virðingarfyllst,


rafmagnsveitustjóri